

Kæru íbúar

Okkur í Seiglu – miðstöð sköpunar langar að vekja athygli ykkar á þeirri handverksaðstöðu sem er í húsinu. Þessi handverksaðstaða er opin fjóra daga vikunnar fyrir alla. Börn verða þó að vera í fylgd með fullorðnum. Það sem við höfum eru ýmis handverkfæri fyrir vinnslu á tré ásamt stærri vélum eins og borðsög, standborvél og þykktarhefil. Einnig er gott rými til listmálunar og handavinnu ýmis konar til dæmis saumaskapar og ullarvinnslu svo eitthvað sé nefnt. Alla þriðjudaga fram að jólum ætlum við að bjóða uppá handleiðslu í fjölbreyttri handavinnu líkt og baðsalta- og sápugerð, glerskreytingu og skiltagerð. Nánar auglýst á fésbókarsíðu Seiglu – líkið við síðuna og fylgist með ☺

Til stendur að halda opinn dag í Seiglu laugardaginn 12. nóvember frá kl. 13-16 þar sem íbúar geta séð breytingar á Bókasafni Reykdæla og kynnt sér handverksstofunnar. Takið daginn frá, flutt verða skemmtileg erindi og boðið uppá léttar veitingar. Nánar auglýst síðar.

Opnunartími í handverksstofum Seiglu:

Mánudaga kl. 16-20  
Þriðjudaga kl. 14-18  
Fimmtudaga kl. 16-20  
Föstudaga kl. 10-14

Klippað út og geymið opnunartímanna ☺

Við höfum fengið góðar gjafir frá íbúum sem nýtast vel en það má enn bæta við. Eftirtaldir hlutir kæmu að góðum notum: Föndurblöð, handverksbækur, þrjónar, heklunálar, saumnálar af ýmsum stærðum, tituprjónar, straujárn, saumavél, fataefni og garn af ýmsum toga og hvaðeina sem ykkur dettur í hug að væri hagnýtt í handverksstofunum.

Anita og Gunna



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og  
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**  
**fyrir kl. 15:00.**☺

Verð hálf síðu er  
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

*[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386*

**ATH!!!**

**Ég tek ekki við  
auglýsingum í gegnum  
[facebook.com](https://www.facebook.com)**



## Seigla - miðstöð sköpunar

Við ætlum að bjóða uppá opin örnámskeið á þriðjudögum kl. 14-18 fram að jólum.

Komdu og fáðu leiðsögn í fjölbreyttu handverki, þú greiðir bara efniskostnað á bilinu 1000-3000 kr.

8. nóv.- Mynd á púða eða kerti.

15.nóv.- Baðsalt, baðbombur og sápur.

22.nóv.- Postúlíns- og gleráletrun.

29.nóv.- Jólakortagerð.

6. des- Jólaföndur / jólaskraut.

Kveðja Anita og Gunna



## Haustfundur Kvenfélags Ljósvefninga

„Súpufundur“

verður haldinn laugardaginn 5. nóvember  
kl.11:00 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

Nýir félagar ávallt velkomnir

Hittumst kátar og njótum stundarinnar saman  
Stjórnin.



## Viðtalstímar sveitarstjóra og oddvita

Sveitarstjóri og oddviti minna á áður auglýsta viðtalstíma þar sem íbúum gefst kostur á að koma og ræða málefni sem snerta sveitarfélagið.

**Fimmtudaginn 3. nóvember í Kiðagili frá kl. 20:00-21:00**

**Fimmtudaginn 10. nóvember í Kjarna á Laugum frá kl. 20:00-21:00**

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þessa viðtalstíma.  
Sveitarstjóri





## Jólamarkaður í skóginum.

Laugardaginn 10. desember n.k. er ætlunin að halda jólamarkað í Vaglskógi í samstarfi Skógræktarinnar á Vöglum og handverksfólks í Þingeyjarsveit.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á því að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar í síma/netfang [896-3112](tel:896-3112)/[runar@skogur.is](mailto:runar@skogur.is) fyrir 10. nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.

Skógræktin á Vöglum

## Leirlist fyrir börn og unglinga

Skemmtileg námskeið í leirlist fyrir börn og unglinga haldin í Listasmiðjunni á Laugum. Hvert námskeið er 5 skipti og kostar 15.000.- Innifalið er leir, glerungar, brennsla og síðdegishressing. Unnið er með sköpunargleði og ímyndunarafl þátttakenda :)

Námskeið 1 hefst mánudaginn 7. nóvember kl. 15:30-17  
Námskeið 2 hefst miðvikudaginn 9. nóvember kl. 17-18:30.

Skráning í síma 698 5161 eða netfang [anitakg@gmail.com](mailto:anitakg@gmail.com)

## Þorrablót Reykdælinga

verður haldið laugardagskvöldið 28. janúar 2017 á Breiðumýri.

Hljómsveitin Lúxus spilar fyrir dansi.

Takið kvöldið frá!

Þorrablótsnefndin



## Ertu með Sykursýki?

Nú gefst þér tækifæri til að athuga það.  
**Sunnudaginn 6, nóv**

- Í Reykjahlíðarskóla Mývatnssveit, kl.11-12,30
  - Og Dalakofanum Laugum kl.14.00-16.30

Lionsklúbbur Húsavíkur býður öllum íbúum Mývatnssveitar og Pingeyjarsveitar, ókeypis blóðsykurs og blóðþrýstingsmælingu, Á ofangreindum stöðum.

Starfsmenn frá HSN verða á staðnum og framkvæma mælinguna. **Þú færð niðurstöðuna strax.**

Lionsmenn bjóða upp á kaffi og með því. Líttu inn og athugaðu hvort líkur séu á því, að þú sért með sjúkdóm sem hægt að halda niðri með rétttri meðhöndlun.



Lionsklúbbur Húsavíkur.

44.tbl.  
2.nóv  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Opinn dagur

Opinn dagur í Seiglu – miðstöð sköpunar og Bókasafni Reykdæla **laugardaginn 5. nóvember kl. 13 – 16.**

Þar geta gestir séð breytingar á bókasafninu og kynnt sér handverksstofurnar. Flutt verða þrjú erindi sem eru:

- Sverrir Haraldsson framhaldsskólakennari fjallar um sögu Bókasafns Reykdæla en hann gaf nýverið út bók þess efnis.
- Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður Punktisins á Akureyri og Halla Birgisdóttir list- og handverksleiðbeinandi koma og segja frá uppbyggingu og starfsemi Punktisins.
- Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Aurora Observatory segir frá uppbyggingu og framtíðarsýn norðurljósarannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli.

Boðið upp á léttar veitingar og eru íbúar hvattir til að koma og eiga góðan dag saman.

Anita Karin Guttesen  
Verkefnastjóri